

# Fréttabréf Síðuskóla

4. bréf - nóvember - skólaárið 2022-2023

## Kæru foreldrar, nemendur og starfsfólk!

Þá er bleikur október að baki og við höldum áfram inn í skólaárið og verður ýmislegt um að vera hjá okkur í þessum mánuði sem og öðrum. Það sem hæst ber hjá okkur er árshátíð skólans sem verður dagana 17.



og 18. nóvember. Æfingar eru komnar á fullt og framundan skemmtilegur og lærdómsríkur tími í árshátíðarundirbúningi. Hér neðar í bréfinu má sjá hvernig skipulagið verður og við hlökkum til að hitta ykkur á árshátíðinni. Við viljum ítreka það að við erum að vinna þrjá daga á tveimur þessa árshátíðardaga og tveir af þeim eru skertir nemendadagar. Sumir nemendur mæta því á óhefðbundnum tímum í skólann.

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember og á þeim degi munum við setja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og einnig Litlu upplestrarkeppnina í 4. bekk.

Við hvetjum alla til að ganga í skólann og nota endurskinsmerki. Ef nauðsynlegt er að keyra börnin í skólann þá biðjum við ykkur að fara á neðra hringtorgið. Þar komast nemendur inn á skólalóðina og geta gengið inn í sínar forstofur.

Með bestu kveðju úr skólanum og við hittumst hress á árshátíð!

Ólöf, Malli og Helga

## Árshátíð - skipulag

## Árshátíð Síðuskóla nóvember 2022

Það styttest í árshátíð Síðuskóla og hér kemur skipulag fyrir árshátíðina sem verður haldin fimmtudaginn 17. nóvember og föstudaginn 18. nóvember. Nemendur í 10. bekk verða í aðalhlutverki með árshátíðaratriði sitt sem er leikritið Footloose .

|               |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
|---------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1.-4. bekkur  | <p><b>Fimmtudagur:</b><br/>Nemendur mæta í skólann kl. 8:10.<br/>Skóla lýkur kl. 14 hjá 1. og 2. bekk, þeir sem eru í frístund fara þangað en aðrir heim.<br/>Skóla lýkur kl. 16 hjá 3.-4. bekk.<br/>Foreldrasýning 1.-2. bekkur kl. 13-14.<br/>Foreldrasýning 3.-4. bekkur kl. 15-16.<br/>Hlaðborð ? Vöflukaffi að loknum foreldrasýningum, fjáröflun 10. bekkjar.</p> <p><b>Föstudagur:</b><br/>Nemendur mæta í heimastofur kl. 8:10. (hafa ofan af fyrir þeim til 9:15)<br/>Árshátíð fyrir 1.-4 bekk kl. 9:30-12:00.<br/>Ball og sjoppa (fjáröflun hjá 10. bekk).<br/>Frístund opin kl. 8-9.15 og 12-16:15.</p> |
| 5.-7. bekkur  | <p><b>Fimmtudagur:</b><br/>Nemendur mæta í skólann kl. 8:10.<br/>Skóla lýkur kl. 12, matur milli 11 og 12.</p> <p>Árshátíð fyrir 5.-7. bekk kl. 19-21:30. Aðgangseyrir á ball 1000 kr.<br/>Ball og sjoppa (fjáröflun hjá 10. bekk).</p> <p><b>Föstudagur</b><br/>Foreldrasýning 5.-6. bekkur kl. 13-14.<br/>Foreldrasýning 7.-10. bekkur kl. 15-16.<br/>Hlaðborð ? Vöflukaffi að loknum foreldrasýningum, fjáröflun 10. bekkjar.</p>                                                                                                                                                                               |
| 8.-10. bekkur | <p><b>Fimmtudagur:</b><br/>Nemendur mæta í skólann kl. 8:10.<br/>Skóla lýkur kl. 12, matur milli 11 og 12.</p> <p><b>Föstudagur:</b><br/>Foreldrasýning 7.-10. bekkur kl. 15-16.<br/>Hlaðborð ? Vöflukaffi að loknum foreldrasýningum, fjáröflun 10. bekkjar.</p> <p>Árshátíð 8.-10. bekkur kl. 17-18.<br/>Ball kl. 20:30-23:30. Aðgangseyrir á ball 1500 kr.</p>                                                                                                                                                                                                                                                  |

English version below

#### Annual celebration at Síðuskóli 2022

Our annual celebration will be held Thursday 17. November and Friday 18. November  
Students in the tenth grade will be in a leading role, showing the play ? (Infants).  
Below is the itinerary for these days ahead.

|                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
|----------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1.-4. classes  | <p><b>Thursday</b><br/>Pupils are in school at 8:10 as usual.<br/>The school day ends at 14 o'clock for 1st and 2nd graders, those who attend Fristund go there, others go home at 14:00.<br/>The school day ends at 16 o'clock for 3rd and 4th graders.<br/>Exhibition for parents in 1st and 2nd grades: At 13:00 - 14:00<br/>Exhibition for parents in 3rd and 4th grades: At 15:00 - 16:00<br/>After the show you can buy waffles and coffee and thus contribute to the 10th graders travel fund.</p> <p><b>Friday:</b><br/>Pupils come to school at 8:10.<br/>Festival for the youngest pupils 1st - 4th graders: 9:30 - 12:00<br/>A dance and candy shop open (income runs to the 10th grade's travel fund)<br/>Fristund open at: 8-9.15 and 12-16:15.</p> |
| 5.-7. classes  | <p><b>Thursday:</b><br/>Pupils are in school at 8:10 as usual.<br/>The school day ends at 12 o'clock, lunch break between 11 and 12<br/>Festival for the 5th - 7th graders at 19:00 - 21:30. Admission fee for the dance is 500 iskr. A dance and candy shop open (runs to 10th graders travel fund)</p> <p><b>Friday:</b><br/>Exhibition for parents in 5th and 6th grades at 13:00 - 14:00<br/>Exhibition for parents in grades 7 - 10 at 15:00 - 16:00<br/>After the show you can buy waffles and coffee and thus contribute to the 10th graders travel fund.</p>                                                                                                                                                                                             |
| 8.-10. classes | <p><b>Thursday:</b><br/>Pupils come to school at 8:10.<br/>School day ends at 12 o'clock, lunch break between 11 and 12.</p> <p><b>Friday:</b><br/>Exhibition for parents in grades 7 - 10 at 15:00 - 16:00<br/>After the show you can buy waffles and coffee and thus contribute to the 10th graders travel fund.</p> <p>Festival for 8-10th graders at 17:00 - 18:00<br/>A dance at 20:30 - 23:30. Admission fee for the dance is 1500 iskr.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                               |

## Á döfinni

### 1.nóvember

10. bekkur - kynning í MA

### 2. nóvember

Fundur í skólaráði

### 3. nóvember

10. bekkur - kynning í VMA

### 16. nóvember

Dagur íslenskrar tungu

### 17.-18. nóvember

Árshátíð Síðuskóla

### 20. nóvember

Dagur mannréttinda barna

### 21. nóvember

Skipulegsdagur - opið í frístund







**23. nóvember**

1.-4. bekkur - List fyrir alla

## Hrekkjavökuböll

Í dag héldu nemendur í 10. bekk hrekkjavökuböll fyrir 1.-7. bekk.

Mæting var góð og skemmtu nemendur sér vel. Hér má sjá nokkrar myndir.



## Starfsáætlun Síðuskóla skólaárið 2022-2023

Starfsáætlun Síðuskóla fyrir skólaárið 2022-2023 hefur nú verið birt á heimasíðu skólans. Grunnskólum ber að birta stefnu sína með tvennum





Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun skólans. Starfsáætlunin er unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá og stefnu Akureyrarbæjar í skólamálum. Í henni eru ýmsar upplýsingar um skólann sem eiga erindi við skólasamfélagið og þá aðila sem tengjast skólastarfinu.

[Starfsáætlun Síðuskóla skólaárið 2022-2023](#)

## Kynning á MA og VMA

Í þessri viku fara nemendur í 10. bekk í heimsókn í MA og VMA til að kynna sér námsframboð í skólunum. Hér eru nokkrar myndir frá heimsókn nemenda í MA.



## Söngsalur 1. nóvember

Í morgun var söngsalur í skólanum og fleira gert í við það tækifæri. Nemendum var kynnt verkefnið Réttindaskóli UNICEF en Síðuskóli er orðinn þátttakandi í því og er innleiðing þess að hefjast. Einnig komu íþróttakennarar og veittu viðurkenningu þeim bekk er sigraði „Göngum í skólann“ í ár, en það var 3. bekkur sem stóð sig best að þessu sinni.

Fulltrúar umhverfisnefndarinnar komu einnig upp á svið og kynntu samkeppni sem hefur verið í gangi en nemendur fengu að hanna sitt eigið skilti sem bendir fólki á að láta bifreiðar ekki standa í lausagangi. Umhverfisnefndin valdi úr innsendum myndum og sigurvegararnir voru Sóley og Natallía í 5. bekk, Irmelín, Tinna og Ingibjörg í 4. bekk, Alrún og Kristín Mary í 8. bekk og Sveinbjörn í 6. bekk. Verðlaunamyndirnar verða svo gerðar að skiltum sem hengd verða upp á bílastæði skólans.





# MATSEÐILL SÍÐUSKÓLA

Nóvember 2022

|          |              |                                                        |
|----------|--------------|--------------------------------------------------------|
| 1. nóv.  | þriðjudagur  | Grænmetisréttur, salatbar                              |
| 2. nóv.  | miðvikudagur | Slátur, jafningur, kartöflur, salatbar                 |
| 3. nóv.  | fimmtudagur  | Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir                |
| 4. nóv.  | föstudagur   | Mjólkurgrautur, slátur og ávextir                      |
| 7. nóv.  | mánudagur    | Nautabuff, kartöflur, brún sósa, salatbar              |
| 8. nóv.  | þriðjudagur  | Marineraður hlýri, kryddkartöflur, köld sósa, salatbar |
| 9. nóv.  | miðvikudagur | Mexíkóskur kjúklingaréttur, salatbar                   |
| 10. nóv. | fimmtudagur  | Lasagne, hvítlauksbrauð, salatbar                      |
| 11. nóv. | föstudagur   | Blómkálssúpa, súpubrauð, ávextir                       |
| 14. nóv. | mánudagur    | Fiskur í raspi, kartöflur, lauksmjör, salatbar         |
| 15. nóv. | þriðjudagur  | Mexíkanskur pottréttur, hrísgrjón, salatbar            |
| 16. nóv. | miðvikudagur | Kjötsúpa, ávextir                                      |
| 17. nóv. | fimmtudagur  | Samlokur - árshátíð                                    |
| 18. nóv. | föstudagur   | Árshátíð                                               |
| 21. nóv. | mánudagur    | Skipulagsdagur                                         |
| 22. nóv. | þriðjudagur  | Bleikja, kryddkartöflur, köld sósa, salatbar           |
| 23. nóv. | miðvikudagur | Pítsa, kokteilsósa,                                    |
| 24. nóv. | fimmtudagur  | Kjúklinganaggar, franskar, kokteilsósa, salatbar       |
| 25. nóv. | föstudagur   | Sveppasúpa, súpubrauð, ávextir                         |
| 28. nóv. | mánudagur    | Fiskibollur, hrísgrjón, karrýsósa, salatbar            |
| 29. nóv. | þriðjudagur  | Tortilla, kjúklingur, grænmeti                         |
| 30. nóv. | miðvikudagur | Svínasnitsel, kartöflur, salatbar                      |

- Boðið er upp á frían hafragraut í morgunmat alla skóladaga -



Einkunnarorð í nóvember

## Ábyrgð

Regla mánaðarins er:

*„Við höfum hendur og fætur hjá okkur“.*

